

## **54. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn í Leikskólanum Lundarseli 16. apríl 2015 kl. 18.00**

**Mættir:** Þorberg, Svala, Martha Laxdal og Anna Krístrún Sigurpálsdóttir.

### **1. Stjórn**

Tókum fagnandi á móti tveimur konum sem hafa áhuga á að starfa með okkur í nefndinni. Þær heita Martha Laxdal og Anna Krístrún Sigurpálsdóttir. Við bjóðum þær velkomnar í nefndina. Ekki verður farið í að manna stöður nefndar formlega fyrir en á aðalfundi 2015.

### **2. Framkvæmdir hverfisnefndar vegna umhverfisátaks**

Ræddum þennan lið og fórum í gegnum síðustu þrjú ár. Tillögur hverfisnefndar fyrir árið 2015 voru sendar inn innan tilskilins tíma og bíðum við enn svara. Ákveðið að ýta á eftir svörum og sjá hvar málið er statt. Teljum einnig mikilvægt að vita kostnaðaráætlun fyrir tillögur okkar svo hægt sé að bregðast við tímanlega að bæta inn fleiri verkefnum.

### **3. Ýmis mál er þarfnast úrbóta**

Ræddum atriði sem við höfum verið að senda inn athugasemdir við ásamt fleiri atriðum. Fengum send í vetur til okkar svör frá bæjartækniþæðingi. Fórum í gegnum þau og erum ekki alveg sátt svo við ákváðum að skoða gamlar og nýjar tillögur til úrbóta fyrir hverfið. Formlegar beiðnir til þeirra deilda er eftirfarandi mál varðar verða sendar inn.

- a) Lýsing á göngustíg ofan Eikarlundar og við jólasveinabrekku.
- b) Skilti á Þingvallastræti sem leiðbeinir ókunnugum leiðina að Lundarskóla.
- c) Gangbraut hættuleg á Dalsbraut sunnan Skógarlundar. Þarfnast úrbóta strax.
- d) Fengum ábendingu um að hægri rétturinn sé áberandi í gerðahverfi tvö. Íbúar telja mikilvægt að brugðist verði við áður en stórslys verða og setja upp biðskyldur í hverfinu.
- e) Þrátt fyrir skilti í Grenilundi sem kveður á um hægri rétt út úr þvergötum sem liggja inn á Grenilundinn þá er keyrt ansi hratt þarna. Þegar keyrt er í norður í átt að Skógarlundi átta ökumenn sig ekki á því að Barrlundur og Kjarrlundur séu götur þar sem ökumenn frá þeim eiga réttinn. Oft keyrt ansi hratt framhjá þessum götum. Teljum mikilvægt að bregðast við.
- f) Autt svæði er sem tilheyrir Bjarkarlundi 2. Mikil slysagildra og teljum við brýnt að gert verði að þessari lóð. Til dæmis má tyrfa og setja rólur, sandkassa og rennibraut.
- g) Nokkur styr er um umferðarljós á Dalsbraut við KA heimili. Höfum fengið þó nokkrar ábendingar er varða slyshættu. Mikið er um ökumenn sem virða hvorki ljósin né hámarks hraða. Sést hefur til of margra sem bruna yfir ljósin á móti rauðu á mun meiri hraða en 30 km klst. Verulegar áhyggjur eru af umferðaröryggi gangandi vegfarenda.

### **Önnur mál.**

Umræður sköpuðust um hvort leiksvæði Lundarskóla sé öruggt svæði fyrir börn að leik gagnvart utanaðkomandi áhrifum. Martha ætlar að grennslast fyrir um hjá Lundarskóla hvort hægt sé að fá teikningu eða yfirlit yfir það svæði sem öryggismyndavélar við skólann ná. Teljum mikilvægt að vita hvort blindblettir séu á skólalóð.

Anna Krístrún ætlar að fara um hverfið og taka myndir af því sem betur mætti fara. Fórum betur í gegnum það á næsta fundi.

**Næsti fundur áætlaður miðvikudaginn 20. maí kl. 20**

Fundi slitið kl. 19.30  
Fundargerð ritaði,  
Svala Björnsdóttir